

13. október 1983

1293

Nr. 724

## SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 320 18.  
júli 1979.

1. gr.

47. gr. sbr. samþykkt nr. 86 8. mars 1982, orðist svo:

Öllum veitingastöðum og almennum knattborðsstofum skal loka kl. 23.30 til kl. 07.00. Leiktækjastofum skal loka kl. 22.00 til kl. 07.00. Allir gestir, sem eigi hafa náttstað á ofantöldum stöðum, skulu hafa farið út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er.

Selja má ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað í veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleik eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lögreglustjóra, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar. Slíkt leyfi má einungis veita þeim sem hefur veitingastofuleyfi, skv. l. 53/1963. Börnum innan 12 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Ákvæði 45. og 46. gr. taka til þeirra eftir því sem við á. Ef leyfishafi brýtur gegn ákv. greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum laga og reglna um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, samanber nú lög nr. 120/1947 og reglugerðir nr. 87/1976 og nr. 280/1979. Eigi skemmtun að standa lengur en til kl. 23.30 þarf leyfi lögreglustjóra, og honum er heimilt að skipa svo fyrir að hífýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23.30 og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til kl. 02.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Heimilt er þó með leyfi lögreglustjóra, að hafa opið á föstudögum og laugardögum til kl. 02.30.

Lögreglustjóri getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. október 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*